



Grænt bókahald aflþynnuverksmiðju

Becromal Iceland ehf.

Skýrsla ársins 2012



Apríl 2013

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	1
1 SKÝRSLA STJÓRNAR	1
2 STAÐFESTING ENDURSKOÐUNAR	2
3 ALMENNT UM AFLÞYNNUVERKSMIÐJU BECROMAL ICELAND	3
3.1 ALMENN LÝSING STAÐSETNINGAR.....	3
3.2 REKSTUR OG STJÓRN	3
3.3 STARFSLEYFI BECROMAL ICELAND EHF.	4
4 LÝSING FRAMLEIÐSLUFERLA	4
5 GRÆNT BÓKHALD 2012	5
6 SKÝRINGAR Á UMHVERFISÞÁTTUM	8
FRÁRENNSLI	8
KÆLIVATN	8
LOFTMENGUN.....	8
HÁVAÐI	9
FASTUR ÚRGANGUR OG SPILLIEFNI	9
UMHVERFISMÁLUM ENDURBÆTUR.....	10
7 VÖKTUN FRÁRENNSLIS	10
FRÁVIK	14
8 MARKMIÐ	15

1 SKÝRSLA STJÓRNAR

Yfirlýsing framkvæmdarstjórnar Becromal Iceland ehf.

Stjórn Becromal Iceland ehf. staðfestir hér með að allar upplýsingar sem fram koma í þessari skýrslu eru réttar og lagðar fram eftir okkar bestu vitund. Upplýsingarnar eiga að gefa nákvæmt yfirlit yfir starfsemi verksmiðjunnar.


Uppbyggingu verksmiðjunnar lauk á árinu 2011 þegar 60. framleiðsluvélin var gangsett. Dregið var úr framleiðslunni á síðari hluta ársins 2011, og í upphafi árs 2012 var verksmiðjan ekki rekin með fullum afköstum.

Á árinu 2012 var var verksmiðjan stækkuð með byggingu á 350 fermetra húsnæði yfir efnalager verksmiðjunnar. Auk geymslu efnasambanda fer fram á lagernum blöndun móðurlausna sem dælt er á tanka sem staðsettir eru í kjallara verksmiðjunnar. Ekki þarf lengur að bera efni á milli staða sem sem bætir vinnubrögð og dregur úr slyshættu.

Þessi skýrsla er mikilvægur áfangi í vinnu okkar við að bæta starfsemina með það að markmiði að koma í veg fyrir skaðleg áhrif hennar á félagslegt umhverfi og lífríki svæðisins.

Þessi skýrsla inniheldur grænt bókhald Becromal Iceland ehf. og hefur verið gerð með hliðsjón af reglugerð Nr. 851/2002, sbr. staðfestingu þar á í næstu blaðsíðu.

Akureyri, 27. mars 2013



Emanuele Saiu

CEO Becromal Iceland ehf.



Rúnar Sigurpálsson

CFO Becromal Iceland ehf.


2 STAÐFESTING ENDURSKOÐUNAR

EFLA verkfræðistofa hefur endurskoðað þessa skýrslu Becromal Iceland ehf. um grænt bókhald fyrir árið 2012 og rýnt eftirfarandi þætti:

- Hvort skýrsla um grænt bókhald innihaldi þær upplýsingar sem hún á að innihalda skv. 6., 7. og 8. gr. rg. 851/2002.
- Hvort þær tölulegu upplýsingar sem birtar eru séu í samræmi við gögn úr fjárhagsbókhaldi og vöktun fyrirtækisins á lykiltölum í umhverfismálum.

Grænt bókhald er í samræmi við kröfur rg. 851/2002.

Reykjavík, 26.04.2013



Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Umhverfisverkfræðingur, EFLA verkfræðistofa




Páll Höskuldsson, Efnaverkfræðingur, EFLA verkfræðistofa

3 ALMENNT UM AFLBYNNUVERKSMIÐJU BECROMAL ICELAND

3.1 ALMENN LÝSING STAÐSETNINGAR

Aflþynnuverksmiðja Becromal Iceland ehf. er staðsett á skipulögðu iðnaðarsvæði á Krossanesi 4 á Akureyri. Verksmiðjuna og nánasta umhverfi hennar má sjá á mynd 1. Verksmiðjan sjálf er er sýnd á mynd 2.



Mynd 1 Staðsetning á lóð Becromal Iceland ehf. og nánasta umhverfi.



Mynd 2 Verksmiðja Becromal.

3.2 REKSTUR OG STJÓRN

Framleiðsla hófst hjá fyrirtækinu í ágúst 2009 með einni framleiðsluvél og hefur framleiðsluvélum fjölgað jafnt og þétt frá þeim tíma. Frá maí 2011 lauk uppsetningu framleiðsluvéla þegar 60. vélin var tekin í notkun. Ekki var framleitt með fullum afköstum árið 2012, m.a. vegna samdráttar á erlendum mörkuðum.

Stöðugildi hjá Becromal Iceland voru 108 í árslok 2012.

Stjórn fyrirtækisins 2012 skipuðu Joachim Zichlarz, Eyþór Arnalds og Massimiliano Zucchi

Stjórnendur fyrirtækisins voru:

Framkvæmdastjóri á árinu 2012 var Emanuele Saiu.

Susanne Lieske sinnti umhverfis- og öryggismálum fram í mars 2012, en frá apríl var umhverfis og öryggisstjórn í höndum Veronika Lisa Gspandl.

Rúnar Sigurpálsson var fjármálastjóri og Ásta Ásmundsdóttir var gæðastjóri fram í september 2012. Frá október 2012 var gæðastjórn í höndum FlorianDelpoux.

Viðhaldsstjóri var Gunnar Gunnarsson. Framleiðslustjóri var Stefán Jónsson og rekstrastjóri Christopher Tucker.

Fyrirtækið rekur þar að auki eigin rannsóknarstofu sem annast gæðaeftirlit með framleiðslunni auk annarra mælinga í starfsemi.

3.3 STARFSLEYFI BECROMAL ICELAND EHF.

Starfsleyfi Becromal Iceland ehf. er gefið út 14. júlí 2009 og gildir til 31. desember 2021.

Útgefandi starfsleyfisins er Umhverfisstofnun á grundvelli reglugerðar 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi í samræmi við ákvæði reglugerðar um mengunarvarnareftirlit.

Starfsleyfi Becromal Iceland ehf. kveður á um að fyrirtækið skuli færa grænt bókhald. Skv. reglugerð 851/2002 um grænt bókhald fellur fyrirtækið undir fyrirtækjaflokk 6.7, sem eru „*Stöðvar þar sem fram fer yfirborðsmeðferð efna, hluta eða afurða með lífrænum leysiefnum, einkum pressun, prentun, húðun, fituhreinsun, vatnspétting, meðhöndlun eða þakning með límvatni, málun, hreinsun eða gegndreyping og meira en 150 kg eru notuð á klukkustund eða meira en 200 tonn á ári.*“

4 LÝSING FRAMLEIÐSLUFERLA

Starfsemin felst í framleiðslu á aflþynnum fyrir rafþetta. Álþynnur koma á keflum frá Ítalíu til frekari vinnslu í verksmiðju fyrirtækisins á Akureyri. Ferlið byggist á rafhúðun álþynna í vökvaböðum. Við þetta myndast oxíð-filma á álþynnunni sem veitir hátt viðnám gegn rafspennu. Afurðin heitir aflþynna og er vel til þess fallin að geyma orku í rafmagnspéttum. Talsvert er um endurnýtingu að ræða í ferlinu, t.d. eru framleiðslulausnir hreinsaðar með síum. Allir afskurðir og framleiðsla sem ekki uppfyllir gæðakröfur eru færðar til endurvinnslu.

5 GRÆNT BÓKHALD 2012

Tafla 5.1: Töluleg gildi fyrir umhverfispætti í grænu bókhaldi 2011 og 2012

Framleiðslumagn	Magn 2011	Magn 2012
Álþynnur (heildarmagn) (inn) [kg]	1.900.000	1.285.508
Rafhúðaðar aflþynnur (út) [kg]	1.740.000	1.246.245
Álfosfat (aukaafurð - út) [kg]	1.310.240	900.790
Vatn og orka	Notkun 2011	Notkun 2012
Raforka [kWst]	512.198.000	408.404.000
Heitt vatn (jarðhitavatn) [m ³]	55	0 ⁽¹⁾
Kalt vatn [m ³]		851.560
- Framleiðsla [m ³]	971.940	839.830
- Önnur vatnsnotkun [m ³]	7.066	11.730
Sjór til kælingar (áætlað hámarks magn) [m ³]	14.452.800	11.243.240 ⁽²⁾

Efni í framleiðslu	Helstu efnasambönd	Hlutverk	2011	2012
Lífræn sýra, min. 88% [kg]	Lífræn sýra, C _x H _y (COOH) _{z(s)}	Hráefni í rafhúðunarlausn	31.475	27.950
Saltsýra, 30 - 32% [kg]	HCl	Afjónun	190.769	111.860
Vítissódi, 33% [kg]	NaOH _(l)	Afjónun og jöfnun vinnslu-vatns og hreinsivatns	288.120	199.160
Fosfórsýra, 75% [kg]	H ₃ PO ₄	Notað í rafhúðunarferli	614.870	539.080
Ammóníumhýdroxíð 24,5% [kg]	NH ₄ OH	Sýrustigsjöfnun á rafhúðunarlausn	153.900	70.840
Bórsýra Duft [kg]	H ₃ BO ₃	Rannsóknarstofa/vélahreinsun	30.300	11.800 ⁽³⁾
Kvikasilfur (99,9 %) [kg]	Hg	Notað við rafhleðslu (electric contact). Er í lokuðu kerfi.	0	19 ⁽⁴⁾

Önnur efnanotkun	Hlutverk	2011	2012
Ultrasil 110 [kg]	Hreinsun/skolun á finsíu	391	0 ⁽⁵⁾
Ultrasil 78 [kg]	Hreinsun/skolun á finsíu	816	720
Ultrasil 60A [kg]	Hreinsun/skolun á finsíu	2.072	2.240
Jarðefnaeldsneyti [lítrar]	Ökutæki/vélar	5.580	7.274
Frostlögur [lítrar]	Loftræstikerfi/Snjóbræðsla eða frostvarnir á lögnum	-	-
Rauðspritt [lítrar]	Þrif	120	123
Olíuhreinsir [lítrar]	Vélar/viðhald	31	0
Mótorólía [lítrar]	Vélar/viðhald	93	200

Úrgangur til förgunar	2011	2012
Óflokkaður og blandaður úrgangur til urðunar [kg]	31.940	18.621
Úrgangur til endurvinnslu	2011	2012
Ál [kg]	144.739	120.540
Brotajárn og málmar járn [kg]	13.270	26.770
Stál [kg]	-	580
Hreint og blandað timbur [kg]	22.570	11.190
Bylgjupappi [kg]	17.440	11.750
Plast og Harðplast [kg]	13.550	8.680
Lífrænn eldhúsúrgangur	2.349	2.660
Spilliefni	2011	2012
Saltsýra [kg]	5.597	157 ⁽⁶⁾
Silfurnítrat þynnt [kg]	313	94
Silfurnítrat [kg]	0,25	
Kvikasilfur [kg]	43	0 ⁽⁷⁾

Almenn spilliefni úr rannsóknastofu [kg]	142	302
--	-----	-----

Vöktun á frárennsli	Hámarkslosun skv. starfsleyfi	Mælt meðalgildi árið 2011	Mælt meðalgildi árið 2012
COD	500 mg/l	40 mg/l	31,5 mg/l
Svifagnir	220 mg/l	36 mg/l	25,4 mg/l
Vöktun sýrustigs árið 2012	Sýrustig hélst innan starfsleyfismarka samfellt yfir heilan sólarhring í 350 daga af 365 dögum eða í 99,958 % heildartímans.		

Skýringar við tölulegar upplýsingar í grænu bókhaldi:

Breytingar á magntölum milli ára skýrast aðallega af lægri afköstum þar sem dregið var úr framleiðslunni vegna samdráttar á erlendum mörkuðum. Vegna samdráttar í framleiðslu endurspeglar tölurnar ekki hámarksafköst verksmiðjunnar.

(1) Heitt vatn er kalt neysluvatn sem er hitað upp í varmaskipti með hita frá framleiðsluvélum. Jarðhitavatn frá hitaveitu var notað á uppbyggingartíma verksmiðjunnar, áður en framleiðsluvélar voru gangsettar og varmaskiptir tekinn í notkun.

(2). Minni notkun kaldavatns stafar af minnkandi framleiðslu í verksmiðjunni vegna færri pantana frá viðskiptavinum.

(3) Notkun bórsýru minnkaði á árinu 2012, einnig vegna færri pantana frá viðskiptavinum.

(4) Kvikasilfur var keypt til rekstursins á árinu 2012.

(5) Ultrasil 110 sápa var til á lager þannig að það var engin þörf á aðföngum á henni á árinu 2012.

(6) Vegna slyss fór mikið magn af HCl til spillis árið 2011, magntala ársins 2012 endurspeglar venjulegt notkunarmagn á rannsóknarstofunni.

(7) Árið 2012 var kvikasilfri fargað á síðustu dögum desember, þannig að það mun verða fært inn á Grænbókhald ársins 2013.

Samfelld vöktun á frárennsli:

Vöktun á sýrustigi hófst á árinu 2010. Vöktun á leiðni hófst 1. apríl 2011. Sjálfvirkar símælingar á styrkleika fosfórs hófust 9. júní 2011, en vegna tæknilegra örðugleika reyndust niðurstöður mælinga ekki áreiðanlegar. Mælingar hófust að nýju að úrbótum loknum þann 29. ágúst 2011. Í fyrstur voru mælingar á fosfór skráðar á 10 mínútna fresti en um mitt sumar 2012 var tíðninni breytt í 15 mínútur.

Handvirkar mælingar á styrkleika fosfórs á rannsóknastofu Becromal hófust þann 21. mars 2011 og voru mælingar gerðar þrisvar á dag. Niðurstöður mælinga koma fram á mynd 4. Myndin sýnir símælingar.

6 SKÝRINGAR Á UMHVERFISÞÁTTUM

Hér á eftir fara frekari skýringar á helstu umhverfisþáttum í rekstri Becromal Iceland ehf, sbr. 6.gr. rg. 851/2002 um grænt bókhald.

FRÁRENNSLI

Frárennsli frá verksmiðjunni samanstendur aðallega af lífrænum og ólífrænum sýrum úr skolun og hreinsun á síum. Síurnar eru notaðar við að hreinsa innri vinnslustrauma rafhúðunarferla og við hreinsun á afjónuðu vatni sem notað er við formeðhöndlun á álþynnum, blöndun á sýru og framleiðslulausnum og við þrif á vélum.

Reynt er að draga úr efnanotkun með hreinsun vinnslulausna. Við hreinsunina verður eftir aukaafurð, álblönduð fosfórsýra, sem er eimuð og send erlendis til notkunar í iðnaði.

Ekki hefur verið hægt að draga úr notkun á EDTA þar sem prufur hafa sýnt að slík minnkun á notkun veldur skemmdum á síukerfi verksmiðjunnar.

KÆLIVATN

Við framleiðsluferlin myndast mikill varmi og þarf mikið magn af vatni til kælingar. Kælivatn fyrir verksmiðjuna er haft í lokuðu ferli sem er kælt niður með sjó sem tekinn er í gegnum sandsíubeð austan við verksmiðjuna. Eftir kælingu er sjónum skilað aftur til sjávar og er þá hitastig hans á bilinu 25-30°C.

Um er að ræða tvöfalt lokað kælikerfi og kemst sjórinn því ekki í neina snertingu við mengandi efni í ferlinu.

LOFTMENGUN

Afsogsháfar eru staðsettir fyrir ofan rafhúðunarböðin til að fjarlægja gufu og hita sem myndast yfir böðunum. Ekki hefur orðið vart við ammoníaklykt utan við verksmiðjuna og ekki hefur verið gerð krafa um sérstaka vöktun á ammoníaki. Mælingar Becromal á styrkleika ammoníaks sýna að styrkleiki í sjálfu útblástursrörinu á þaki verksmiðjunnar er um 10 ppm eða nálægt umhverfismörkum sem gilda utan við lóðamörk og á þeim svæðum innan lóðar þar sem almenningur getur komið á. Styrkur ammoníaks á þeim svæðum er því langt undir 10 ppm. Ekkert ryk myndast í starfsemi Becromal. Mælingarnar verða endurteknar á sumarmánuðum 2013.

HÁVAÐI

Hávaði af rekstri aflþynnuverksmiðjunnar er hverfandi enda ekki um hávaðasama framleiðslu að ræða. Eftirlitsaðili hefur ekki farið fram á mælingar á hávaða frá Becromal.

FASTUR ÚRGANGUR OG SPILLIEFNI

ÁL

Nokkuð fellur til af ál- og aflþynnuúrgangi, einna helst vegna sýnatöku og afskurðar í lok ferlisins. Um stöðugan úrgang er að ræða sem er sendur til endurvinnslu hérlandis.

SANDUR FRÁ SANDSÍUM

Sandsíur eru notaðar við að fjarlægja álagningar og aðrar svifagnir úr rafhúðunarlausn. Um er að ræða óvirkan fastan úrgang sem óhætt er að urða, en útskolunarpróf verða gerð áður en honum er fargað, þessu til staðfestingar. Árið 2012 var skipt um sand í einni síu; magnið af notuðum sandi var 725 kg.

KVIKASILFUR

Kvikasilfur er notað til að leiða rafstraum frá kyrrstæðum hluta vélarinnar yfir í snúningshluta vélarinnar sem snýst með álþynnunni. Um er að ræða fljótandi kvikasilfur sem er hluti af lokuðu ferli og kemst málmurinn ekki í snertingu við loft, frárennsli eða fastan úrgang. Þar sem notkunareiginleikar kvikasilfursins minnka með tímanum er nauðsynlegt að endurnýja hluta þess árlega. Kvikasilfur sem tekið er úr ferlinu er sent til viðurkenndra móttökuaðila fyrir spilliefni hérlandis. Þess ber að geta að öll meðhöndlun á kvikasilfri innan verksmiðjunnar er í höndum sérþjálfara aðila og í lokuðu umhverfi sem er til þess ætlað að útiloka að kvikasilfur losni út í umhverfið. Regluleg skipti á kvikasilfri úr vélum byrjaði á árinu 2011 á þeim vélum sem fyrst voru settar í gang. Til greina kemur að hætta notkun kvikasilfurs í anóðum framleiðsluvélanna. Tilraunir með anóður sem innihalda ekki kvikasilfur hafa verið framkvæmdar en það mun taka langan tíma að greina niðurstöðurnar.

ALMENNUR ÚRGANGUR

Talsvert magn af almennum úrgangi fellur til í framleiðslunni. Um er að ræða m.a. síuhylki úr plastefni (polypropylene), ónýtan dælubúnað, mótor, gler, loka og kapla.

Í samvinnu við Gámaþjónustu Norðurlands og Hringrás eru í skoðun möguleikar á aukinni flokkun til að auka magn úrgangs sem fer í endurvinnslu og minnka förgun úrgangs.

Spilliefnagámur

Eitur- og spilliefni er geymd í sérstökum gámi fyrir utan framleiðslubygginguna, ekki í grennd við fjöruna. Gámurinn er loftræstur og upphitaður á veturna. Spilliefni í vökvaformi eru geymd á lekabyttum og sandgildra er til staðar til að koma í veg fyrir að spilliefnin komist út í umhverfið. Allar pakkningar sem innihalda eitur- eða spilliefni eru flokkaðar og geymdar aðskildar.

UMHVERFISMÁLUM ENDURBÆTUR

Bórsýra

Bórsýra í duftformi var notuð til að jafna út pH-gildi vítissóða, sem notaður er við þrif á framleiðsluvélunum. Vegna eitrunar- og krabbameinsvaldandi eiginleika bórsýru var ákveðið að skipta henni út fyrir fosfórsýru. Það ferli átti sér stað á árinu 2012 og síðasta pakkningin af bórsýru kláraðist í Desember 2012.

REACH

Efnasambandið álfosfat ($Al(H_2PO_4)_3$), sem er auka afurð álvinnslunnar er einnig söluvara Becromal. Vegna eiginleika síns er það notaði í pappírs iðnaði og samkvæmt Reach-reglugerðunum þarf það að vera skráð í Reach-IT kerfinu þangað til 31. Maí 2013. Efnið var forskráð og nú er verið að vinna við gerð öryggisblaðs fyrir það. Í samræmi við reglugerðir þarf Becromal, sem framleiðandi og skráningaraðili, að veita endanlegum notendum efnisins aðgengi að því skjali af öryggisástæðum.

Öryggisblöð

Becromal hefur uppfært gagnagrunn sinn af öryggisblöðum fyrir öll efni sem merkt eru sem hættuleg, í samræmi við Global Harmonized System (GHS) flokkunarkerfið, á ensku og íslensku þegar það er mögulegt. Þessi gagnagrunnur er í stöðugri endurnýjun og er uppfærður í hvert skipti sem nýtt efni er tekið í notkun eða notkun á efni er hætt.

7 VÖKTUN FRÁRENSLIS



Sjálfvirk mæling á sýrustigi (pH) í frárennsli verksmiðjunnar sem fer í fráveitukerfi Akureyrarbæjar hófst á árinu 2010. Sísmælingar á leiðni frárennslis hófust frá 1. apríl 2011 og niðurstöður fyrir þær mælingar eru sýndar á mynd 3.

Sísmælingar á styrkleika fosfórs í frárennsli stóðu yfir frá 9. júní 2011 á 10 mínútna fresti fram til júní 2012, en þá var tíðni mælinga breytt og gerðar á 15 mínútna fresti til að draga úr notkun efna sem þurfti í mælingarnar.

Árið 2011 var fyrsta árið þar sem frárennsli var vaktað, skv. ákvæði um mælingu á heildarlosun mengandi efna í gr. 3.1 í starfsleyfi. Niðurstöður þeirra mælinga fyrir árið 2012 eru sýndar á myndum 5 og 6.



Til að koma í veg fyrir að ómeðhöndlað frárennsli geti fyrir mistök borist í fráveitukerfið og þaðan út í sjó ákvað Becromal að byggja jöfnunartank sem getur geymt vinnsluvatnið ef rafmagn fer af eða aðrar ófyrirsjáanlegar aðstæður koma upp. Tankurinn er lokað kerfi, og pH gildi skólpsins er jafnað út um leið og það er komið í tankinn. Reiknað er með að tankurinn verði tekinn í notkun á vormánuðum 2013.

Mynd 3 Mánaðarmeðaltal símæling á leiðni í frárennsli 2012





Mynd 4 Mánaðarmeðaltal mælinga á styrk fosfórs í frárennsli 2012

Mynd 5 Mælingar á efnastyrki í frávatninu árið 2012



Mynd 6 Eftirlitsmælingar í frárennsli árið 2012

Mynd 7 Mánaðarmeðaltal símælinga á sýrustigi pH í frárennsli 2012



Mynd 8 Hlutfall sólarhringa í mánuði árið 2012 þar sem sýrustig pH var milli 6,5 og 9,5 2012

FRÁVIK

Til upplýsinga er sýnt mánaðarmeðaltal og staðalfrávik sýrustigs á mynd 7. Staðalfrávik sýnir bilið milli hæsta og lægsta mælda gildis frá reiknuðu meðaltali. Á mynd 8 má sjá mánaðarlegt hlutfall mælinga sem voru innan marka starfsleyfis. Sýrustig í frárennsli Becromal var innan marka starfleyfis (pH 6,5 – 9,5) 350 af 365 dögum eða 99,958% tímans á árinu 2012.

Tafla 8 Tilkynnt frávik frá starfleyfi á árinu 2012

Dags. tilkynningar	Dags. atviks	Lýsing	Ástæða	Lausn/Úrbætur
30.01.2012	2. jan 2012	Kl 22 – 22:25 : Sýrustig í frárennsli mælist yfir 9,5 þar sem tankar í kjallara yfirfylltust. (max út pH 10,7 for út í 4 mín).	Stærri skammtadælan fyrir saltsýru var ekki tengd (mannleg mistök) þannig tíminn sem tók að jafna út sýrustigið var það langur að tankar í kjallara yfirfylltust	Meiri þjálfun og betri öryggis stýring.
30.01.2012	4. jan 2012	Kl. 20 – 20:30 : Sýrustig í frárennsli mælist yfir 9,5 í 16 mínútur þar sem tankar í kjallara yfirfyllast. (max út pH 10,0 í 1 mín).	Sjá ástæða 2.01.2012	Meiri þjálfun og betri öryggis stýring.
30.01.2012	6. jan 2012	Kl. 21:10 – 22:15 : Sýrustig í frárennsli mælist yfir 9,5 þar sem tankar í kjallara yfirfyllast (max pH út 12,9 í 10 mín).	Sjá ástæða 2.01.2012	Meiri þjálfun og betri öryggis stýring.
30.01.2012	9. jan 2012	Kl 13:35 – 13:50 : Sýrustig í frárennsli mælist yfir 9,5 þar sem tankar í kjallara yfirfylltust.(max pH út 10,5 í 2 mín).	Sjá ástæða 2.01.2012	Meiri þjálfun og betri öryggis stýring.
30.01.2012	13. jan 2012	Kl 10:42 – 10:58 : Sýrustig í frárennsli mælist yfir 9,5 þar sem tankar í kjallara yfirfylltust. (max pH út 12,2 í 4 mín).	Sjá ástæða 2.01.2012	Meiri þjálfun og betri öryggis stýring.
30.01.2012	14. jan 2012	Kl 10:10 – 10:17: Sýrustig mælist undir 6,5 í 3 mín þar sem tankar í kjallara yfirfyllast(max í eina mín á pH 6,1).	Sjá ástæða 2.01.2012	Meir þjálfun og betri öryggis stýring.

01.10.2012	17. febrúar	Kl. 13:41 – 13:51, Sýrustig mælist í 10 mínútur yfir mörkum – hámark mældist 9,8.	Biluð PH proba.	Til að koma í veg fyrir svona frávik verður settur upp annar PH mælir til vara.
7.9.2012	5. júní	Kl. 21:16 – 21:46, Sýrustig mælist í 15 mínútur yfir mörkum – hámark mældist 10,08.	Jöfnunartankar í kjallara yfirfylltust.	Í byrjun árs 2013 verður komið fyrir nýjum jöfnunartanki sem kemur í veg fyrir að atvik af þessum toga verði.
7.9.2012	9. júní	Kl. 04:35 – 04:40, Sýrustig mælist í 6 mínútur undir mörkum – lágmark mældist 6,36.	Villa í forriti.	Búið er að breyta forritinu.
01.10.2012	18. júní	13.10-13.22, Sýrustig mælist í 12 mín yfir mörkum – hámark mældist 9,7.	Biluð PH proba	Til að koma í veg fyrir svona frávik verður settur upp annar PH mælir til vara.
7.9.2012	26. júní	Kl. 10:42 – 10:45, Sýrustig mælist í 4 mínútur undir mörkum – lágmark mældist 6,46.	Biluð PH proba.	Til að koma í veg fyrir svona frávik verður settur upp annar PH mælir til vara.
17.09.2012	05.september	Kl. 13:38 – 13:42, Sýrustig mælist í 4 mínútur yfir mörkum – hámark mældist 9,7.	Biluð PH proba	Til að koma í veg fyrir svona frávik verður settur upp annar PH mælir til vara.
21.11.2012	20.nóvember	Kl. 08:28.30 – 08:28.31, Sýrustig mælist í 1 sec undir mörk – lágmark mældist 6,4.	Vegna óhreinanda á PH mæli	Við tókum sýni og mældum á sama tíma í rannsókn þar sem pH var í lagi.

8 MARKMIÐ

Markmið Becromal Iceland ehf. í umhverfismálum fyrir næstkomandi ár er að vinna að lágmörkun á efnanotkun í framleiðslukerfi okkar með því að endurbæta og endurstilla stjórnbúnað.

Í samvinnu við Gámaþjónustu Norðurlands og Hringrás eru í skoðun möguleikar á aukinni flokkun úrgangs til að auka enn fremur hlutfall úrgangs sem fer í endurnýtingu og endurvinnslu. Becromal hefur í hyggju að gera langtíma samning um frekari samvinnu á þessu sviði.

ISO 14001 er alþjóðlegur staðall sem fyrirtæki fá vottun á sem geta sýnt fram á sannreynt umhverfis stjórnunarkerfi. Becromal hefur hafið undirbúning á að hljóta slíka vottun. Sem hluti af vottunarferlinu hefur Becromal greint hvaða hluta af starfssemi sinni hafa áhrif á umhverfið, sett sér markmið til að bæta frammistöðu sína í umhverfismálum og markað sér stjórnunarstefnu til að ná þeim markmiðum. Áætlaður tímarammi fyrir forskráningu er Janúar 2014.